AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Máka ehf. í Fljótum, Skagafirði.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Máka ehf. í Fljótum, Skagafirði, kt. 541092-2189. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 15. september 2003.

Reykjavík, 13. október 1999.

Hollustuvernd ríkisins,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Davíð Egilsson
forstöðumaður.

12. október 1999 Nr. 715

SKIPULAGSSKRÁ

Þórdísarsjóðs.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Þórdísarsjóður og er stofnaður með dánargjöf Þórdísar Briem, bókavarðar og læknaritara.

2. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík. Lögheimili sjóðsins skal ávallt vera sama og lögheimili Geðlæknafélags Íslands.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2.300.000 og skal það haldast óskert að raungildi sbr. einnig 6. gr. samþykkta þessara.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja við hverskonar starfsemi til framgangs sállækninga innan Geðlæknafélags Íslands og í samfélaginu.

5. gr.

Styrkhæf starfsemi sjóðsins er fyrst og fremst stofnun sállækningaseturs. Einnig má veita styrki til fyrirlestrahalds, ráðstefna, námskeiðahalds og rannsókna.

6. gr.

Árlegar fjármagnstekjur sjóðsins mega ganga til styrkhæfrar starfsemi. Heimilt er stjórn sjóðsins að geyma úthlutun úr sjóðnum í allt að þrjú ár. Hafi árlegum fjármagnstekjum þriggja ára samfellt ekki verið úthlutað, skulu þær renna saman við höfuðstól sjóðsins. Ekki má skerða höfuðstól sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, þeim sömu og skipa sállækninganefnd Geðlæknafélags Íslands hverju sinni. Sjóðinn skal varðveita aðskilinn frá öðrum sjóðum Geðlæknafélags Íslands og skal hann ávaxtaður eins arðbært og mögulegt er.

8. gr.

Kjörnir endurskoðendur Geðlæknafélags Íslands skulu endurskoða reikninga sjóðsins en einnig skal skila reikningsyfirliti árlega til samþykkis á aðalfundi Geðlæknafélags Íslands.

9. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um breytingar á skipulagsskrá þessari og eins ákvörðun um að hætta starfsemi og leggja sjóðinn niður. Slíkar ákvarðanir skulu bornar undir aðalfund Geðlæknafélags Íslands og þarf þá aukinn meirihluta fundarmanna eða 2/3 greiddra atkvæða. Verði sjóðurinn lagður niður og starfsemi hætt skulu eignir hans ganga til annarrar starfsemi sem fellur undir 2. mgr. 4. gr. erfðafjárlaga nr. 83/1984.

Reykjavík, 5. október 1999.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. október 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 716 18. október 1999

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

1. gr.

Sveitarfélögum á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim.

2. gr.

Tímagjald	kr. 4.200
Gjald fyrir rannsókn á hverju sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 3.500

Sveitarfélögum á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heimilt að innheimta árlegt gjald af eftirlitsskyldri starfsemi eins og fram kemur í viðauka með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni samkvæmt eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur haft vottað gæðakerfi eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Sveitarfélögum á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi af starfsleyfisskyldri starfsemi eins og hér segir: